

Aðalstjórn Völsungs

12.9.2019

Vallarhús

kl. 16:30

Mætt: Bergþóra Höskuldsdóttir, Heiða Elín Aðalsteinsdóttir, Hallgrímur Jónsson, Jóna Björk Gunnarsdóttir, Lilja Friðriksdóttir, Davíð Þórólfsson, Björgvin Sigurðsson og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

1. Æfingatafla fyrir íþróttahöll

Drög að æfingatöflu í íþróttahöll var lögð fyrir fulltrúa deilda mánudaginn 9. september. Gerðar voru smávægilegar breytingar áður en taflan var að lokum samþykkt.

Lagt fram.

2. Breyting á sunddeildinni/undirskrift pappíra

3. Árgjald Völsungs – félagskort

Á aðalfundi Völsungs 2019 var samþykkt að félagsgjald fyrir hvern félagsmann 18 ára og eldri væri 3.000 kr. Þar að auki hefur verið ákveðið að útbúa félagskort sem veitir afsláttarkjör hjá samstarfsaðilum félagsins.

Félagsgjaldið verður sent út 1. október 2019. Með hverju greiddu félagsgjaldi fylgir félagskort sem veitir ýmsa afslætti. Kortið gildir 1. október 2019 til 30. september 2020.

4. Völsungsdagur – samningur við Rudi

Samþykkt hefur verið að gera samning við Rudi á Íslandi um búninga til næstu tveggja ára. Rudi mun útvega félaginu vörur frá Puma. Vörunar verða kynntar á Völsungsdegi í októbermánuði þar sem hægt verður að panta vörunar sem í boði verða.

Davíð, Lilja og Jónas taka að sér að skipuleggja Völsungsdaginn.

Fundi slitð: 18:00